

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F4/2025

Reykjavík, 4. febrúar 2025

Skrifstofa forseta Íslands
Sóleyjargötu 1
101 Reykjavík

Hinn 30. janúar sl. birtist frétt á vefsíðu RÚV, www.ruv.is, þar sem fjallað var um að aðeins utanríkisráðherra hefði sótt minningarathöfn um helförina í Auschwitz fyrir hönd Íslands. Í fréttinni kom fram að þegar fréttastofa hefði óskað eftir að fá dagskrá forseta afhenta hefði forsetaskrifstofan upplýst að dagskrá forsetans væri ekki afhent. Meðal annars væri ekki hægt að greina frá fyrirhuguðum ferðum forseta fyrir fram því það væri oft gestgjafans að tilkynna um ferðina auk þess sem fleiri sjónarmið gætu þar komið við sögu, svo sem öryggissjónarmið.

Svo umboðsmanni sé unnt að meta hvort tilefni sé til að skoða málið nánar á grundvelli frumkvæðisheimildar hennar, er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að skrifstofa forseta Íslands upplýsi umboðsmann nánar um fyrirkomulag upplýsingagjafar um málefni sem snerta forseta Íslands, þar með talið hvaða reglur gilda um meðferð beiðna um upplýsingar um dagskrá forseta. Þá er jafnframt óskað upplýsinga um hvaða sjónarmið lágu til grundvallar synjun um veitingu upplýsinga um dagskrá forseta í tilviki beiðni fréttastofu RÚV og er þá sérstaklega haft í huga að ekki var beðið um upplýsingarnar fyrir fram heldur eftir á.

Þess er óskað að svör og eftir atvikum gögn sem varpa ljósi á framangreind atriði berist ekki síðar en 18. febrúar nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT